

REGLUGERÐ

um starfsemi veiðifélaga.

1. gr.

Aðild að veiðifélagi.

Félagsmenn veiðifélags eru allir þeir sem skráðir eru veiðiréttarhafar á félagssvæðinu skv. 12. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Ef nýr aðili tekur við veiðirétti skv. II. kafla laganna fyrir afsal eða á grundvelli ábúðarsamnings er þeim aðila skylt að gerast félagsmaður í veiðifélagi og taka á sig skuldbindingar fráfarandi félagsmanns.

2. gr.

Umdæmi veiðifélags.

Umdæmi veiðifélags getur náð yfir heilt fiskihverfi, einstakt veiðivatn í fiskihverfi, hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti, eða veiðivötn á afrétti sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landsvæði.

Fiskistofa skal ákveða umdæmi veiðifélags að höfðu samráði við veiðiréttarhafa á væntanlegu félagssvæði. Sama gildir þegar fyrirhugað er að stofna deild í veiðifélagi.

Ef veiði hefst fyrir landi fasteignar, sem liggur að fiskihverfi veiðifélags en er utan félagssvæðis, skal sú fasteign tilheyra félagssvæðinu, og er viðkomandi veiðiréttarhafa skylt að gerast félagi. Ef félagssvæði er hluti straumvatns skal umdæmi veiðifélags ná svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á, t.d. vegna fiskræktar.

3. gr.

Stofnfundur veiðifélags.

Einn eða fleiri veiðiréttarhafar geta átt frumkvæði að stofnun veiðifélags, en Fiskistofa að þeim frátöldum. Á stofnfundi skal setja veiðifélagi samþykktir.

Til stofnfundar veiðifélags skal boða alla þekkta veiðiréttarhafa á fyrirhuguðu félagssvæði, sbr. 12. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Stofnfundur skal boða skriflega með ábyrgðarbréfi eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag.

Á stofnfundi skal liggja fyrir ákvörðun Fiskistofu um umdæmi veiðifélags.

Fundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður. Dagskrá stofnfundar skal vera sem hér segir:

1. Stofnun félags.
2. Samþykkt félags.
3. Kosning stjórnar og skoðunarmanna.
4. Önnur mál.

Sá er véfengja vill lögmæti stofnaðs veiðifélags getur borið ágreining þar að lútandi undir dómstóla innan sex mánaða frá stofnfundi.

4. gr.

Samþykktir veiðifélags.

Á stofnfundi skal setja veiðifélagi samþykktir sem hafa að geyma ákvæði um a.m.k.:

- a. nafn félags,
- b. heimilisfang og varnarþing,
- c. félagssvæði og skulu þar taldar upp allar þær fasteignir eða einstaklingar og lögaðilar sem veiðiréttindi eiga skv. II. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði,
- d. verkefni félagsins,
- e. skipun og starfssvið félagsstjórnar,
- f. málsmeðferðarreglur, reikninga félags og endurskoðun,
- g. skyldu til framlagningar fjárhagsáætlunar fyrir komandi starfsár á aðalfundi félagsins,
- h. meðferð afla félags eða arðs og greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

Atkvæði 2/3 hluta allra atkvæðisbærra félagsmanna þarf til þess að samþykktir séu löglega gerðar eða þeim breytt. Sé fundarsókn ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir og ræður þar afl atkvæða.

Hafi veiðifélag ekki sett sér lögmætar samþykktir, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, getur Fiskistofa sett félagi samþykktir sem gilda þar til lögmætar samþykktir hafa verið settar af félaginu sjálfu.

Samþykkt skal staðfest af Fiskistofu og birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að málskotsfrestur samkvæmt 4. mgr. 3. gr. er liðinn. Félagisstjórn skal senda Fiskistofu samþykktir viðkomandi veiðifélags til staðfestingar, bæði sem skjal og sem rafrænt eintak ásamt fundargerðum og öðrum gögnum, sem staðfesta lögmæti samþykktarinnar.

5. gr.

Stjórn veiðifélags.

Stjórn félagsins og deilda ef þær eru starfandi skipa þrjár, fimm eða sjö menn, formaður og meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Kjörgengir í stjórn eru allir sem aðild eiga að veiðifélagi. Einnig má kjósa fulltrúa í stjórn, sem ekki er félagsmaður og starfar hann þá í stjórninni og á fundum veiðifélagsins samkvæmt sérstöku skriflegu umboði félagsmanns.

Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl þannig: Formaður gengur út eftir eitt ár. Séu stjórnarmenn þrjár gengur einn meðstjórnandi út eftir tvö ár, en hinn eftir þrjú ár. Séu stjórnarmenn fimm, ganga tveir meðstjórnendur út eftir tvö ár, en tveir eftir þrjú ár. Séu stjórnarmenn sjö ganga þrjár meðstjórnendur út eftir tvö ár, en þrjár eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram.

Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal þrjá varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn til vara ár hvert.

Heimilt er að setja í samþykktir veiðifélags að kjósa megi formann beinni kosningu og stjórn félagsins og skoðunarmenn í einu lagi til þriggja ára í senn.

6. gr.

Verksvið veiðifélags.

Veiðifélag sem hefur verið stofnað sinnir lögbundnum verkefnum, sbr. 37. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, sem eru m.a.:

- a. að sjá til þess að reglum laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og samþykktum viðkomandi félags um veiðistjórnun og veiðiaðferðir sé framfylgt á félagssvæðinu,
- b. að stunda fiskrækt á félagssvæðinu, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja vöxt og viðgang fiskstofna og sjálfbæra nýtingu þeirra,
- c. að skipta veiði eða arði af veiði milli félagsmanna í samræmi við rétt þeirra,
- d. að ráðstafa rétti til stangveiði í fiskihverfi í heild eða að hluta með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi, en þó þannig að gætt sé markmiða laganna um sjálfbæra nýtingu,
- e. að hafa að öðru leyti með höndum verkefni þau sem því eru falin með lögum og varða framkvæmd þeirra.

Veiðifélag sem starfar samkvæmt lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, skal taka til allrar veiði í umdæmi félagsins og eftir stofnun þess er öllum óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu, nema samkvæmt heimild frá félaginu. Hafi veiðifélag ráðstafað stangveiði á félagssvæði sínu er einstökum félagsmönnum skylt að veita aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu.

Veiðifélag eða stjórn veiðifélags sem starfar í umboði þess skal alla jafna ekki hafa á hendi verkefni eða framkvæmdir sem ekki eru fyrirmæli um í lögum eða eru ekki í efnislegum tengslum við skilgreint hlutverk veiðifélaga.

7. gr.

Verksvið stjórnar.

Stjórn veiðifélags hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Stjórnin fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins,

sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

8. gr.

Starfsemi deilda.

Í samþykktum veiðifélags má kveða á um að veiðifélag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur. Í samþykkt fundarins skal kveða á um stofnun deilda, starfssvæði, starfshætti deildarinnar, þær heimildir sem deildin hefur lögum samkvæmt og annað eftir því sem við á. Að öðru leyti fer um starfsemi deildarinnar samkvæmt lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

9. gr.

Fyrirsvar jarða í sameign og atkvæði á fundi.

Tilkynna skal til veiðifélags um fyrirsvarsmann jarðar, séu eigendur fleiri en þrír fjárráða einstaklingar/lögaðilar, sbr. 9. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Skriflegan samning um hver fari með atkvæðisrétt jarðar, sbr. 40. gr. laga nr. 61/2006 má því aðeins taka gildan á félagsfundi, að hann sé undirritaður af öllum eigendum viðkomandi jarðar. Umboð til að greiða atkvæði á fundi er því aðeins gilt að umboðið sé undirritað af öllum eigendum jarðar séu þeir fleiri en einn og sé eigi eldra en þriggja mánaða. Geta skal umboðsins í fundargerðabók.

10. gr.

Málsmeðferðarreglur og hæfi.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna sérstaklega umfram aðra félagsmenn.

Stjórn veiðifélags skal sjá til þess að mál sem tekin eru til meðferðar séu nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin í þeim.

Stjórn veiðifélags skal haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna.

Áður en stjórn veiðifélags tekur ákvörðun á stjórnarfundum í máli sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra, skal þess gætt að hann eigi þess kost að tjá sig um efni máls, enda liggja afstaða hans til málsins ekki fyrir í gögnum málsins eða slíkt sé augljóslega óþarft.

Félagsmenn eiga rétt á aðgangi að þeim gögnum sem félagstjórn hefur undir höndum. Stjórn veiðifélags er þó heimilt í undantekningartilvikum að undanskilja tiltekin gögn aðgangi félagsmanna, ef þau eiga ekki erindi til einstakra félagsmanna sökum eðlis síns, eða rétt þykir vegna viðskiptalegra sjónarmiða að um þau gildi trúnaður í tiltekinn tíma. Aflétta skal trúnaði af gögnum um leið og skilyrði til þess eru fyrir hendi.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin.

11. gr.

Arðskrá.

Veiðifélagi er skylt að láta gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði, sem koma á í hlut hverrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði.

Arðskrá skal leggja fram til samþykktar eða synjunar félagsmanna á löglega boðuðum félagsfundi. Um arðskrá skal greiða atkvæði og þarf atkvæði 2/3 hluta atkvæðisbærra félagsmanna til samþykktar hennar. Sé fundarsókn ekki næg, skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir, og ræður þá afl atkvæða.

Ef arðskrá er ekki samþykkt, ber stjórn veiðifélags að óska eftir mati samkvæmt VII. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, um þau atriði, sem greinir í 1. mgr. Einnig er sérhverjum félagsmanni rétt að krefjast mats með framangreindum hætti, enda komi sú krafa fram innan tveggja mánaða frá fundi, þar sem arðskrá hefur verið samþykkt.

Stjórn veiðifélags skal senda Fiskistofu arðskrá skv. 1.–3. mgr. til staðfestingar og birtingar í B-deild Stjórnartíðinda eftir að frestur til að krefjast mats skv. 3. mgr. er liðinn. Arðskrá tekur gildi

tveimur mánuðum eftir slíka birtingu. Komi fram krafa um mat gildir eldri arðskrá, ef henni er til að dreifa, þar til matsgerð (úrskurður) skv. VII. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, liggur fyrir og arðskrá á grundvelli hennar hefur verið staðfest og birt.

Rétt er veiðifélagi samkvæmt ákvörðun félagsfundar eða stjórnar, svo og einstökum félagsmönnum, að krefjast endurskoðunar á arðskrá átta árum eftir gildistöku hennar.

Um arðskrár veiðifélaga fer eftir sérstakri reglugerð um það efni.

12. gr.

Aðalfundir.

Aðalfund veiðifélags skal halda árlega fyrir 1. júní ár hvert.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
4. Fjárhagsáætlun næsta árs.
5. Kosning stjórnar og skoðunarmanna, sbr. 4. gr.
6. Önnur mál.

Á fundum í veiðifélagi, hvort sem er aðalfundum eða aukafundum, skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn. Framlögð umboð á fundi skal færa í fundargerðabók.

Boði stjórn veiðifélags ekki til aðalfundar fyrir 1. september ár hvert, er þeim er fund vilja halda heimilt að boða hann.

13. gr.

Aukafundir.

Aukafundi skal halda ef félagsstjórn telur ástæður til eða $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni. Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða aukafund í tvo mánuði, og er þeim er fund vilja halda þá rétt að boða hann.

14. gr.

Boðun funda.

Stjórn veiðifélags skal boða skriflega til aðalfundar með dagskrá til allra veiðiréttarhafa með a.m.k. 10 daga fyrirvara.

Aukafundi skal boða skriflega með dagskrá, til allra veiðiréttarhafa, eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Heimilt er þó að mæla fyrir um annað fyrirkomulag, um boðun aukafunda, í samþykktum veiðifélags.

Skylt er að boða fundi í veiðifélagi með ábyrgðarbréfi, með minnst 10 daga fyrirvara, ef breyta skal samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi.

15. gr.

Atkvæðagreiðslur.

Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, og gildir þá ein eining í arðskrá, sem eitt atkvæði hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundargerðabók.

16. gr.

Kostnaður af starfsemi veiðifélags.

Kostnað af starfsemi veiðifélags skulu félagsmenn greiða í því hlutfalli sem þeir taka arð.

17. gr.

Skýrsla um starfsemi veiðifélags o.fl.

Skýlt er stjórn veiðifélags að gefa Fiskistofu skýrslu um starfsemi félagsins og þau atriði önnur, sem stofnunin kann að óska eftir og henni eru nauðsynleg við framkvæmd laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og þessarar reglugerðar.

18. gr.

Kæruheimild.

Ef félagsmenn greinir á um lögmati ákvörðunar sem tekin hefur verið á fundi veiðifélags eða af félagsstjórn þá getur hver félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin.

Ákvörðun Fiskistofu samkvæmt þessari grein verður ekki kærð til ráðherra.

19. gr.

Viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari og viðurlög fer eftir VIII. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

20. gr.

Fyrirmynd að samþykktum.

Í samræmi við ákvæði 2. másl. 3. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, fylgir reglugerð þessari fyrirmynd að samþykktum veiðifélags.

21. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. mgr. 37. gr., 2. mgr. 39. gr., 3. mgr. 39. gr. og 4. mgr. 42. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 1024/2006, um starfsemi veiðifélaga.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. mars 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Jóhann Guðmundsson.

Sigríður Norðmann.

Fylgiskjal.

*Sá texti samþykktarinnar sem er innan hornklofa [...] er texti sem veiðifélag þarf að taka afstöðu til hvort eigi við um félagið í hverju tilviki og þarf því að aðlaga að hverri samþykkt fyrir sig.

Samþykkt veiðifélags.

1. gr.

Nafn félagsins er _____

2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna, sem land eiga að [eða veiðirétt í] ... frá ósi í sjó til upptaka eða að ...

Þær eru: ...

[Félagið starfar í eftirfarandi deildum, sem allar ráðstafa veiði á sínu félagssvæði með þeim skilyrðum, sem samþykkt eru á aðalfundi: ...]

4. gr.

Verkefni félagsins eru að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. [Til að slík framkvæmd nái fram að ganga þarf atkvæði $\frac{2}{3}$ fundarmanna og skal geta þess í fundarboði að slík ákvörðun liggja fyrir fundinum.]

Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn veiðifélagsins [og deilda ef þær eru starfandi] skipa [þrjú, fimm eða sjö] menn, formaður og meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl í samræmi við fjölda stjórnarmanna, þannig: [Formaður gengur út eftir eitt ár. Séu stjórnarmenn þrjú gengur einn meðstjórnandi út eftir tvö ár, en hinn eftir þrjú ár. Séu stjórnarmenn fimm, ganga tveir meðstjórnendur út eftir tvö ár, en tveir eftir þrjú ár. Séu stjórnarmenn sjö ganga þrjú meðstjórnendur út eftir tvö ár, en þrjú eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram.]

Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal þrjú varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn skoðunarmann til vara ár hvert.

6. gr.

Stjórn veiðifélagsins hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram hvaða reglur gildi um veiðitíma og veiðitæki og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skyllt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundum. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki $\frac{2}{3}$ atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundargerðabók.

Á félagsfundum skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundum skulu skráð í fundargerðabók.

9. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.